

Ingólfur Arnarsson. Hljóðlát verk.

Í samræmi við rými eða samkvæmt skoðanakönnun

– sýningar Ingólfs Arnarssonar og Komars og Melamids

Það viðhorf að listina sé ekki að hægt að líta á sem sér fyrirbæri, aðgreint frá umhverfi sínu, hefur notið aukins fylgis hin síðari ár. Innsetningar af ýmsu tagi eru orðnar algengar í sýningarsölum, sem og sýningar þar sem verkum er sérstaklega fyrir komið þannig að þau rími við rýmið. Ingólfur Arnarsson er einn þeirra listamanna sem hafa iðkað þá list á undanförunum árum að láta verk sín taka mið af viðkomandi sýningarsal. Þó má segja að Ingólfur fari mjög almenna leið að þessu marki því hann gerir ekki verk sérstaklega fyrir hvern sal heldur vinnur þau í algeng efni eins og steypu sem hann grunnar líkt og húsvegg. Þessi byggingartæknilega nálgun listamannsins við bygginguna utan um verkin er engin tilviljun. Ingólfur Arnarsson er listamaður sem kappkostar að koma svo til móts við rýmið að verk hans verði nánast ósýnileg og verði vart aðskilin frá því. Um helgina voru opnaðar tvær ólíkar sýningar á verkum Ingólfs; að Ingólfsstræti 8 og að Kjarvalsstöðum. Það er fróðlegt að sjá hvernig rýmið virkar á mismunandi hátt með verkunum á þessum stöðum.

Að ríma við rýmið

Að Ingólfsstræti 8 hefur Ingólfur komið fyrir fjórum réttþyrndum verkum úr grunnadri steinsteypu sem hann hefur vatnslitað mjög naumlega þannig að einungis er slika af lit á hluta flatarins. Í salnum er skær birta af flúrljósum svo erfitt er að greina verkin í fyrstu. Hér hefði verið vænlegra að deyfa birtuna. Hins vegar rammar salurinn verk Ingólfs vel inn og þau eru þarna í góðum samhljómi við rýmið. Á Kjarvalsstöðum hefur Ingólfur fengið miðrýmið til afnota sem er vel því stóru salirnir henta greinilega ekki verkum á borð við þessi. Hins vegar er miðrýmið það opið að verkin missa talsvert vægi og hefði þurft að

loka rýminu betur til að betra næði myndaðist og verkin fengu aukið svigrúm. Fimm steypuverk áþekk verkunum í Ingólfsstræti eru á langveggnum og beggja vegna á vegg við gluggana eru tuttugu og fimm blýantsteikningar á pappír, fint dregin net sem þarfnast nándar og miðla í sem virðingu listamannsins fyrir því smágerða og áhuga fyrir skynvillum augans. Hér hefði mátt byrgja gluggana til að draga úr mismunandi sterkum sólaráhrifum á gerjaðar teikningarnar.

Hin hljóðlátu verk Ingólfs Arnarssonar eru sannarlega ekki allra, enda leitast hann við að vera samkvæmur umhverfinu en ekki fólki. Það gera hins vegar rússnesku listamennirnir Komar og Melamid sem sýna „eftirsóttasta málverk íslensku þjóðarinnar“ í fremur óþægilegru nálægð við verk Ingólfs á Kjarvalsstöðum.

Meðaltalsmálverk

Skoðanakönnun Hagvangs, sem málverkið byggist á, er hægt að nálgast í formi bæklings á Kjarvalsstöðum og einnig á Mokka, þar sem „eftirsóttasta málverk bandarísku þjóðarinnar“ er til sýnis. Í könnuninni kemur m.a. fram að afstaða Íslendinga til myndlistar virðist lítið frábrugðin því sem búast hefði mátt við um síðustu aldamót og er það vissulega umhugsunarvert. Þeir Komar og Melamid fara hins vegar greinilega einhverja meðaltalsleið við gerð málverka sinna og þannig eru þessi eftirlætisverk Íslendinga og Bandaríkjamanna mjög áþekk; sama móttífið, kyrrt stöðuvatn, óhrjálegt tré og hindir sem ganga á vatni. Það eina sem virðist ólíkt er fólkið. Athygli vekur jafnframt að „málverkið“ ameríska á Mokka er í raun silkiprykk og í þökkabót fremur óskýrt. Uppsetningin og framkvæmdin er hins vegar vel úr garði gerð á báðum stöðum og niðurstöður könnunarinnar fara ekki á milli mála.

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

Hátíðartónleikar

Haldnir voru hátíðartónleikar í Hjallakirkju í Kópavogi sl. þriðjudagskvöld.

Fjölmargir flytjendur komu fram á tónleikunum: Samkór Kópavogs undir stjórn Stefáns Guðmundssonar, organistinn Kjartan Sigurjónsson, Hljómskálakvintettinn, Skólakór Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur og einsöngvararnir Sigrún Hjalmtýs-dóttir og Anita Nardeau, auk Martials Nardeau, sem að þessu sinni kom fram sem stjórnandi.

Tónleikarnir hófust á því að Samkór Kópavogs söng Vora raust og tungu, Kyndilmessusálm úr Grallaranum í einfaldri, en þokkalegri útsetningu Glúms Gylfasonar, en síðan Ave Maríu og Cantate Domino eftir Hans Nyberg, sem eru fremur dauflegar, en þó ljúfar tónsmíðar, einkum Ave Marían.

Hljómskálakvintettinn er málmblásarakvintett og flutti hann fyrst Canzona Bergamasca eftir Samuel Scheidt, en síðan Ariú úr óratoríuni Samson eftir Händel, ásamt þeirri ágætu söngkonu, Sigrúnu Hjalmtýsdóttur.


Skólakór Kársness flutti síðan sex valda kafla úr Ceremony of Carols eftir breska tónskáldið Benjamin Britten, í þýðingu Heimis Pálssonar.

Hljómburður kirkjunnar er afleitur fyrir tónlistarflutning og er erfitt að gera sér grein fyrir jafnvægi tóns í rými hennar. Kom það niður á flytjendunum sem engu að síður fluttu tónlistina yfirleitt á þokkalegasta hátt. Sérstaklega var arian fallega sungin hjá Sigrúnu og trompetsóló Ásgeirs Steingrímssonar voru og fagurlega útfærð.

Aðalverk tónleikanna var Messa fyrir barnakór, blandaðan kór, einsöngvara og málmblásarakvintett eftir Martial Nardeau, sem sjálfur stjórnaði frumflutningi verksins. Þetta er metnaðarfullt verk hjá Martial og vitnar oftinnis um góða tónlistarhæfileika hans. Diatónískir skalar málmblásaranna í Credo-inu virka þó fremur einhæfir og bæði þar og víðar næst tæplega nægileg undirbygging tónvefsins svo hann virki fyllilega sannfærandi. Margt er þó fallega gert í þessu verki og er Martial óskað til hamningu með þessa frumraun sína í stærra formi.

Tónlist

Áskell Músson



HÖNN OG MANNI

Viðskipta- og tölvuskólinn Nám sem skilar þér árangri - núna!

Tölvunámskeið fyrir atvinnulífið

Góð tölvukunnátta eykur afköst. Starfsmenn sinna sínu starfi en ekki tölvuvandamálum! Þeir geta sótt almenn námskeið eða pantað hóp-námskeið sem hægt er að laga að þörfum fyrirtækja.

Tölvunámskeið fyrir heimilið

Heimilistölvur eru orðnar ótrúlega öflugar og það er synd að nota þær aðeins fyrir leiki, þegar hægt er að nýta þær á svo margvíslegan hátt. VTN býður upp á kvöld- og helgarnámskeið þar sem farið er á hnitmiðaðan hátt í gegnum algengasta notendahugbúnað. VTN býður einnig upp á mjög gagnleg námskeið fyrir börn og unglinga.

Rekstur smáfyrirtækja

Námskeiðið er fyrir þá sem standa í rekstri eða þá sem hyggja á rekstur. Markviss kennsla í helstu þáttum sem snúa að daglegum rekstri smáfyrirtækja eða einyrkja.

(160 kennslust. / 120 klst.)

Virk markaðssetning

Námskeið ætlað verslunareignum, verslunarstjórum eða fólki með annan rekstur. Þátttakendum er kennt að tileinka sér vinnubrögð virkrar markaðssetningar og bæta þannig árangur sinn í viðskiptum.

(108 kennslust. / 81 klst.)

Bókhaldsnám

Hefur þú áhuga á vinnu við bókhald eða kemstu ekki hjá því að færa bókhald? Á þessu námskeiði eru kennd nauðsynleg atriði til að handfæra og tölvufæra bókhald, vinna afstemmingar og setja upp einfaldan ársreikning fyrir minni fyrirtæki.

(156 kennslust. / 117 klst.)

Tölvunotkun í fyrirtækjarekstri

Hér færðu heildaryfirsýn yfir möguleika einmenningsstölvunnar í fyrirtækjum og alhliða hjálfun í notkun á algengasta búnaði.

(414 kennslust. / 23 vikur)

Almennt skrifstofunám

Ertu á leið út á vinnumarkaðinn? Eða viltu breyta til? Hnitmiðað undirbúningsnám þar sem kennd eru þau atriði sem mestu máli skipta við almenn skrifstofustörf. Námið er opið öllum 18 ára og eldri.

(486 kennslust. / 26 vikur)

Námskeið VTN:

Fjalla um aðalatriði - kenna það sem skiptir máli

Eru hagnýt - skila árangri

Eru nátengd atvinnulífinu - veita forskot á vinnumarkaði



VÍÐSKIPTA- OG
TÖLVUSKÓLINN

Ánanaustum 15, 101 Reykjavík.
sími: 569 7640, símbréf: 552 8583, skoli@nyherji.is

NÝHERJI Stjórnunarfélag
Íslands